

Ed. **35. Frumvarp til laga** [34. mál]
um breyting á lögum nr. 73 25. nóvember 1952, um tilkynningar aðsetursskipta.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973.)

1. gr.

Aftan við 5. grein laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Maður, sem dvalist hefur hér á landi án þess að vera tilkynningarskyldur samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal tilkynna aðsetur sitt innan 7 daga, ef hann dvelst áfram í landinu eftir brottfall þeirra atvika, sem gerðu hann undanþeginn tilkynningarskyldu.

2. gr.

Fyrri málsgrein 17. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum 500—10.000 kr. Sektarfé vegna brota, sem Hagstofa Íslands kærir, rennur í ríkissjóð, en sektarfé vegna brota, sem sveitarstjórn kærir, rennur í viðkomandi sveitarsjóð.

3. gr.

Aftan við 18. gr. laganna komi bráðabirgðaákvæði, svo hljóðandi:

Deir, sem samkvæmt gögnum þjóðskrár áttu lögheimili í Vestmannaeyjum hinn 22. janúar 1973, skulu skráðir með lögheimili þar 1. desember 1973, nema þeir lýsi sig heimilisfasta annars staðar, með tilkynningu á sérstöku eyðublaði, útgefnu af Hagstofunni, eða á annan ótvíræðan hátt að hennar dómi. Slík tilkynning skal berast þjóðskránni eigi síðar en 28. nóvember 1973.

Fyrirmæli fyrri málsgreinar breyta engu um gildi ákvæða í 10.—13. gr. þjóðskrárlaga, nr. 54/1962.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er borið fram til þess að fá lögfest ákvæði 3. gr. þess varðandi skráningu Vestmannaeyinga í þjóðskrá næstkomandi 1. desember. Ákvæði 1. og 2. gr. eru hins vegar um önnur efni. Þar er um að ræða lagfæringar á lögum um tilkynningar aðsetursskipta, sem allengi hefur staðið til að fá lögfestar, þá er að því kæmi, að breyta þyrfti lögum þessum af öðrum og þýðingarmeiri ástæðum.

Heimildir um aðsetursskipti Vestmannaeyinga síðan 23. janúar 1973 liggja fyrir og halda áfram að berast þjóðskrá í ýmsu formi, svo sem á sérstöku, þar til gerðu eyðublaði til tilkynningar á dvalarstað, á almennu eyðublaði þjóðskrár til aðsetursskiptinga, og í formi tilkynninga til pósthöfuðva. En í þessum gögnum kemur yfirleitt ekki fram skýr viljayfirlýsing varðandi lögheimili — hvort menn telja sig áfram heimilisfasta í Vestmannaeyjum eða hafa ákveðið að flytjast þaðan. Þar við bætist, að sennilega standa margir Vestmannaeyingar í þeirri trú, að þeir hafi látið í té ákveðna viljayfirlýsingu í þessu efni, án þess að svo sé í raun. Þessi heimildargögn eru því ófullnægjandi grundvöllur til skráningar á lögheimili Vestmannaeyinga í þjóðskrá 1. desember 1973, sem Hagstofan er nú að undirbúa.

Eina örugga leiðin til lausnar þessum vanda er að lögfesta, að tilkynningar um lögheimilisflutning frá Vestmannaeyjum skuli látnar í té á sérstöku, þar til gerðu eyðublaði eða á annan ótvíræðan hátt. 3. gr. frv. hefur að geyma ákvæði hér að lútandi. Þá er og þessum tilkynningum settur ákveðinn tímafrestur, til þess að svigrúm verði til að taka þær til greina við gerð íbúaskráa 1. desember 1973.

Í 3. gr. frv. er enn fremur svo fyrir mælt, að þeir Vestmannaeyingar, sem ekki tilkynna flutning lögheimilis síns frá Eyjum á tilskilinn hátt, skuli skráðir með lögheimili í Vestmannaeyjum hinn 1. desember 1973. Í þessu felst m. a., að tilkynningar og upplýsingar til þjóðskrár frá öðrum en hlutaðeigendum sjálfum um flutning lögheimilis frá Vestmannaeyjum verða ekki teknar til greina við gerð upphaflegra íbúaskráa 1. desember 1973 (hér er t. d. um að ræða gögn frá sveitarstjórnnum og öðrum aðilum). Sama gildir um tilkynningar Vestmannaeyinga sjálfra um lögheimilisflutning frá Eyjum, ef þær berast eftir lok tímafrestsins, annað hvort vegna þess að þeir hafa vanrækt að tilkynna breytinguna í tíma eða hafa skipt um skoðun. Hins vegar fela ákvæði 3. gr. ekki í sér neina takmörkun á rétti sveitarstjórna til að gera athugasemdir við upphaflegar íbúaskrár samkvæmt 10.—13. gr. þjóðskrárlaga. Þetta er beinlínis tekið fram í 2. málsgr. 3. gr., til þess að taka af öll tvímæli í þessu efni. Þannig mun hver sveitarstjórn — eftir móttöku upphaflegrar íbúaskrár 1. des. 1973 — geta gert þá athugasemd til þjóðskrár, að hún telji, að tiltekinn Vestmannaeyingur eigi að vera skráður heimilisfastur í sínu sveitarfélagi á þeim degi. Einstakli-

ingur með lögheimili í Vestmannaeyjum 22. janúar 1973, sem hefur ekki tilkynnt flutning þess þaðan fyrir 29. nóvember 1973, en vill fá sig fluttan í annað sveitarfélag miðað við 1. desember 1973, mundi samkvæmt þessu ekki sjálfur geta krafist slíkrar breytingar á skráningu lögheimilis. Hins vegar mundi hann alltaf í reynd geta fengið hlutaðeigandi sveitarfélag til að gera athugasemd til þjóðskrár um lögheimilisskráningu hans.

Allar slíkar athugasemdir sveitarstjórna um flutning lögheimilis frá Vestmannaeyjum verða samkvæmt gildandi lagaákvæðum og venjubundnum starfsreglum þjóðskrár teknar til greina, ef mótaðilinn — þ. e. bæjarstjóri Vestmannaeyja — samþykkir breytinguna. En ef ekki er samkomulag, verður þjóðskráin að skera úr, eins og hún gerir í fjölmörgum slíkum ágreiningsmálum á ári hverju. Hér getur skapast mikill vandi, sem verður ekki leystur, nema með breytingu á gildandi lögum um lögheimili eða með annarri lagasetningu. Þessi mál eru í verkahring félagsmálaráðuneytisins, sem er nú að kanna þau og önnur skyld úrlausnarefni til undirbúnings lagasetningu, að svo miklu leyti sem til hennar þarf að koma.

Ljóst er af framan sögðu, að lögfesting þeirra ákvæða, er felast í 3. gr. frv., er nauðsynleg til þess, að skráning Vestmannaeyinga í þjóðskrá 1. desember 1973 geti orðið traust og vandræðalaus. Hafa verður í huga í þessu sambandi, að skipuleg skráning Vestmannaeyinga í þjóðskrá hlýtur að greiða fyrir lausn á ýmsum vandamálum, sem leiða af dvöl þeirra utan heimabyggðar.

Ákvæði 3. gr. frv. um, að Vestmannaeyingar, sem ekki tilkynna lögheimilisflutning frá Eyjum eins og fyrir er mælt, skulu að svo stöddu taldir heimilisfastir þar 1. desember 1973, verða að teljast eðlileg og sanngjörn, og þau eru í samræmi við almenna stefnu bæjarstjórnar Vestmannaeyja í málefnum bæjarbúa. Ekki er verið að skerða eðlilegan rétt eins eða neins með þessu, því að ótvíræð viljayfirlýsing um flutning lögheimilis frá Vestmannaeyjum verður að sjálfsögðu alltaf tekin til greina, ef hún er látin í té áður en fresti lýkur. En forsenda þessarar reglu hlýtur að sjálf-sögðu að vera sú, að hún verði, ef til kemur, rækilega kynnt hlutaðeigendum, þannig að þeim sé öllum ljóst, hvað hér er á ferð.

Í 1. gr. frv. eru ákvæði, sem eiga að stuðla að bættri skráningu einstaklinga, sem hafa ekki orðið tilkynningarskyldir við komu til landsins, en verða það eftir langa eða stutta dvöl. Í rauninni er hér ekki um að ræða ný ákvæði, heldur fyllra og skýrara orðalag en nú er um þetta efni í lögum um tilkynningar aðsetursskipta.

Í 2. gr. frv. er lagt til, að sektarupphæðir vegna brota gegn tilkynningarákvæðum verði hækkaðar til samræmis við hækkun verðlags og kaupgjalds síðan lög um tilkynningar aðsetursskipta voru sett fyrir rúmum 20 árum, enda hafa sektarákvæði þeirra staðið óbreytt frá upphafi.